



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 18 desember, 2013

Ákvörðun nr. 33/2013

Samruni Innness ehf. og Sælkerans ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 22. október 2013 með tilkynningu um kaup Innness ehf. (hér eftir Innnes) á öllu hlutafé í Sælkeranum ehf. (hér eftir Sælkerinn). Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Í samrunaskránni kemur fram að um sé að ræða samruna samkvæmt b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, þ.e.a.s. að Innness yfirtekur Sælkerann. Innnes gerði kauptilboð í Sælkerann í september sl. og síðar í sama mánuði skrifuðu kaupandi og seljandi undir kaupsamning. Í samrunaskránni segir frá því að með í kaupunum fylgi allar eignir sem tilheyra Sælkeranum, fastafjármunir, lausafjármunir, veltufjármunir og hvers kyns óefnisleg verðmæti að meðtöldum umboðs- og viðskiptasamböndum sem félagið hefur gert við birgja og viðskiptamenn sína. Við kaupin var ákveðið að Sælkerinn yrði rekinn í óbreyttri mynd til áramóta. Stefnt var að því að rekstur Sælkerans yrði sameinaður rekstri Innness þann 1. janúar 2014. Fyrirtækin tvö yrðu því rekin sem sjálfstæð fyrirtæki fram til 1. janúar 2014 eða þar til samþykki Samkeppniseftirlitsins vegna samrunans lægi fyrir.

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Ljóst er að samningur um kaup Innness á Sælkeranum felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir frekari gögnum frá Innnesi og Sælkeranum um þá vörumarkaði sem samrunaaðilar starfa á með bréfi, dags. 5. nóvember og með síma þann 17. desember 2013. Þá óskaði Samkeppniseftirlitið eftir gögnum frá Tollstjóraembættinu um innflutning af því tagi sem Innnes og Sælkerinn flytja inn með tölvupósti, dags. 14. nóvember 2013. Í framhaldi fékk Samkeppniseftirlitið svo umbeðin gögn frá samrunaaðilum og Tollstjóra.

Með bréfi, dags. 25. nóvember 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að rannsaka þyrfti samkeppnisleg áhrif samrunans frekar, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.



Með bréfi, dags. 29. nóvember 2013 óskuðu samrunaaðilar eftir undanþágu frá banni við framkvæmd samruna, sbr. 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Með bréfi dags. 17. desember 2013 veitti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum umbeðna undanþágu.

Auk þess að afla gagna frá Tollstjóraembættinu og samrunaaðilum hafði Samkeppniseftirlitið samband við aðra aðila sem starfa á sömu mörkuðum og samrunaaðilar til að átta sig á sjónarmiðum keppnauta á markaðinum um samrunann.

II.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Í samrunaskrá kemur fram að Innnes sé matvöruheildverslun. Starfsmenn félagsins annist val á vörum, innflutning, markaðssetningu og dreifingu á matvöru „fyrir stórmarkaði, þægindaverslanir, hótél, veitingastaði, bakarí og mótuneyti um allt land.“ Auk þess veiti Innnes fyrirtækjum þjónustu með kaffi- og vatnsvélar og sjálfsalþjónustu á drykkjum og matvöru með tækjum og vörum frá framleiðandanum Selecta. Innnes er staðsett við Fossaleyni í Reykjavík og þar er dreifingarmiðstöð fyrirtækisins. Í samrunaskrá segir að Innnes hafi sérhæft sig í innflutningi og heildsölu á almennri matvöru til smásala, s.s. kaffi, tómatvörum, kröftum og súpum, hrísgrjónum, kryddi og súkkulaði. Þá flytji Innnes einnig inn brauð og kökur, kjúklinga og afurðir unnar úr þeim, hveiti, olíur, túnfisk og ferskt og frosið grænmeti.

Þá kemur fram í samrunaskrá að móðurfélag Innness, sem heitir Dalsnes ehf., á hlut í félögunum Dalsnes AS og Haugen Gruppen Nordic AS. Dalsnes ehf. á meirihluta í síðarnefnda félaginu sem rekur heildverslunina Haugen Gruppen ehf. á Íslandi. Haugen Gruppen ehf. flytur bjór, léttvín og sterkt áfengi inn til landsins.

Í samrunaskrá kemur fram að Sælkerinn var stofnaður árið 2006 og að Sælkerinn sérhæfi sig í innflutningi og dreifingu á hágæða matvöru. Sælkerinn selur einkum til veitingahúsa, hótela og stórmarkaða, en lítið sem ekkert til annarra aðila. Sælkerinn leggur áherslu á að „selja hágæða matvöru frá minni birgjum inn á veitingamarkaðinn og þá sérstaklega sjávarfang, olíu og skinkur o.fl.“ Meðal helstu vörutegunda Sælkerans eru m.a. sushivörur og vörur sem merktar eru með vörumerki Sælkerafisks.

Samkvæmt samrunaskrá starfa samrunaaðilar sem birgjar fyrir aðila á dagvörumarkaði. Starfsemi þeirra felst fyrst og fremst í innflutningi og heildsölu á daglegum neysluvörum til verslana, mótuneyta, fyrirtækja, hótela, veitingahúsa o.fl. Í samrunaskránni er sagt frá því að samrunaaðilar stunda enga framleiðslu og selja eingöngu erlenda vöru. Viðskiptavinir þeirra eru aðilar á veitingamarkaði sem selja vöruna beint til neytenda sem neyta hennar á staðnum, og hins vegar dagvörumarkaði, en á dagvörumarkaði kaupa neytendur vöruna til að neyta hennar síðar, til dæmis heima hjá sér. Fram kemur að Innnes selur vörur á báðum þessum mörkuðum en Sælkerinn selur sínar vörur nánast eingöngu á veitingamarkaði.

Bent er á það í samrunaskránni að það sé takmörkuð staðganga milli þeirra vöruflokka sem birgjar selji til dagvöruverslana, og að unnt sé að skilgreina hvern flokk sem sérstakan markað. Samrunaaðilar settu ekki fram sjónarmið um hlutdeild á einstökum mörkuðum í samrunaskránni en bentu á að að sameiginleg hlutdeild þeirra í sölu á dagvörum til



dagvöruverslana hafi verið 2,5 - 3,5% samkvæmt skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*. Í þeirri töflu er miðað við upplýsingar frá árinu 2010.

Í máli þessu er til skoðunar samruni tveggja fyrirtækja sem hafa sinnt innflutningi, heildsölu og dreifingu á dagvörum hér á landi. Samkeppniseftirlitið telur að sölu á dagvörum til annars vegar dagvöruverslana og hins vegar veitingahúsa/stóreldhúsa megi eftir atvikum skipta í marga undirmarkaði, þar sem ekki er t.d. staðganga á milli sölu og dreifingar á kaffi og hrísgrjónum. Einnig getur verið um mismunandi markaði að ræða eftir því hvort vörum er dreift til dagvöruverslana eða veitingahúsa. Þá geta vörur sem hafa að verulegu leyti sömu eiginleika tilheyrt ólíkum mörkuðum ef mikill verðmunur er á milli þeirra. Samkeppniseftirlitið telur að fyrir úrlausn þessa máls sé óþarfi að taka endanlega afstöðu til staðgöngu á milli þeirra vörutegunda sem samrunaaðilar selja og þar með þeirra markaða sem þeir starfa á.

Til að fá skýrari mynd af hlutdeild samrunaaðila á markaði óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum frá þeim um um viðskipti þeirra. Meðal þeirra vörutegunda sem samrunaaðilar flytja inn má nefna kaffi, tómatvörur, hrísgrjón, ólífuo líu, hveiti, sætindi, túnfisk, hörpuskel, frosið og ferskt grænmeti, túnfisk, hörpuskel, og hráskinku. Samkvæmt þessum gögnum virtist staða samrunaaðila eftir samruna verða talsvert sterk í innflutningi á ólífuo líu, tómatvörum (vörur sem Innnes flytur inn) og hörpuskel (vörutegund sem Sælkerinn flytur inn).

Þá óskaði Samkeppniseftirlitið eftir gögnum frá Tollstjóra um innflutning í tilteknum tollskrárnúmerum til að bera saman við gögn samrunaaðila. Eftir skoðun þeirra gagna telur Samkeppniseftirlitið ljóst að samruninn mun ekki leiða til aukinnar hlutdeildar svo nokkru nemi í þeim vöruflokkum sem samrunaaðilar hafa sinnt innflutningi á.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru engar vísbendingar um að samruni Innness og Sælkerans hindri virka samkeppni. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.



Ákvörðunarorð:
„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Inness ehf. og Sælkerans ehf. “

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson